

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 1995

Nr. 611

1564

1. desember 1995

AUGLÝSING

um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1996

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1996 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal m.a. stuðst við magn HCFC og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins af viðkomandi fyrirtæki árið 1989.

3. gr.

Noti fyrirtæki samkvæmt 1. gr. ekki að fullu úthlutað magn af HCFC er Hollustuvernd ríkisins heimilt að úthluta því magni sem eftir stendur til fyrirtækja sem sótt hafa um heimild til innflutnings samkvæmt 1. gr. og/eða sannanlega flutt inn HCFC og/eða CFC fyrir birtingu auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytið, 1. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 612

1. desember 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. málsl. og orðast svo: Skilyrði fyrir undanþágu er að aðili hafi ekki að öðru leyti með höndum skattskylda starfsemi en kveðið er á um í 2. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo: Til líknarmála í skilningi reglugerðar þessarar telst öll viðurkennd líknarstarfsemi, sbr. c-lið 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 4. másl. 1. tölul. orðast svo: Skilyrði er að fjárhagsleg áhætta og ábyrgð á starfsemi hvíli á viðkomandi aðila.
- b. Í 2. másl. 2. tölul. falla brott orðin „að aðili hafi að öðru leyti ekki með höndum skattskylda starfsemi og“.
- c. Við greinina bætist nýr töluliður er verður 3. tölul. og orðast svo: Sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið án endurgjalds og/eða safnað er á sorpeyðingarstöðvum. Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til launaðrar eigin vinnu. Til skattverðs skal í slíkum tilfellum telja bein laun og annan beinan kostnað auk álags vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. desember 1995.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald,
með breytingu skv. reglugerð nr. 480/1995.**

1. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Við útreikning áfengisgjalds skv. 4. gr. skal vínandamagn reiknað í sentilítrum með tveimur aukastöfum.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Bókhald og skráning viðskipta.

Allir, sem eru skráningarskyldir skv. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu og uppgjöri á áfengisgjaldi þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skila þeirra á áfengisgjaldi.

Gjaldskyldum aðila skv. 1. mgr. 3. gr., sem leyfi hefur til innflutnings og/eða heildsölu á áfengi er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Gjaldskyldum aðila skv. 1. mgr. 3. gr., sem leyfi hefur til framleiðslu á áfengi er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.